

- 146** Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar 27. ágúst í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

- 147** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og minningarsjóð 27. ágúst kvenna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. ágúst 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningar- og minningarsjóður kvenna.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er frú Briet Bjarnhéðinsdóttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf frú Brietar, að upphæð kr. 2000.00, sem afhent var af börnum hennar á 85 ára afmæli hennar, 27. sept. 1941, og telst sá dagur stofndagur sjóðsins.

Sjóðurinn nemur nú kr. 26606.13.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að menningarmálum kvenna:

- a. með því að styðja konur til framhaldsmenntunar við æðri menntastofnanir, hérlendar og erlendar, með náms- og ferðastyrkjum.

Ef ástæður þykja til, svo sem sérstakir hæfileikar og efnaskortur, má einnig styðja stúlkur til byrjunarnáms, t. d. í menntaskóla;

- b. með því að styðja konur til framhaldsrannsókna, að loknu námi, og til náms og ferðalaga til undirbúnings þjóðfélagslegum störfum, svo og til sérnáms í ýmsum greinum og annarra æðri mennta;

- c. með því að veita konum styrk til ritstarfa eða verðlauna ritgerðir, einkum um þjóðfélagsmál, er varða áhugamál kvenna. Þó skulu námsstyrkir sitja í fyrir-rúmi meðan sjóðurinn er að vaxa.

Komi þeir tímar, að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almennings-áliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr þessum sjóði.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Dánar- og minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, tekjur af ýmsri starfsemi í þágu sjóðsins, vextir.

6. gr.

Gjafir allar skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins.

Af öðrum árlegum tekjum, merkjasölu, minningarþjóldum o. s. frv., skal heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ samkvæmt 4. grein.

Vextir allir skulu lagðir við höfuðstól þangað til sjóðurinn nemur kr. 150000.00, skal þá heimilt að verja helmingi árlegra vaxta til styrkveitinga.

7. gr.

Sjóðnum skal fylgja sérstök bók og skal, ef óskað er, geyma í henni nöfn, myndir og helztu æviatriði þeirra, sem minnst er með minningar- og dánargjöfum.

Æviminningar þeirra og handrit, bréf eða ritverk, sem eftir þær (eða þá) liggja, lætur sjóðstjórnin geyma á tryggum stað, t. d. í handritasafni Landsbókasafnsins. Minningabókin skal geymd á sama stað.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréf-um eða á annan hátt, er fullnægir fyrir mælum laga um örugga varðveizlu og ávöxtun opinberra sjóða.

9. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í júlímánuði og skulu umsóknir komnar fyrir 15. júlí í hendur sjóðstjórnar. Heimilt er þó sjóðstjórn að veita styrk úr sjóðnum á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 konum, sem kosnar eru á Landsfundi kvenna, fyrir það tímabil, sem liður á milli landsfunda. Í fyrsta sinn skal stjórnin þó kosin á fulltrúaráðsfundi Kvenréttindafélags Íslands, í júní 1945 (og skal hún starfa til næsta landsfundar). Stjórnarkonur skulu vera félagar í K.R.F.Í. í Reykjavík og stjórnin öll sé búsett þar. Í fyrsta sinn, sem kosið er á landsfundi, skal draga úr tvær konur, síðan verða kosnar á víxl tvær og þrjár konur í einu. Kjósa skal jafnmargar konur til vara á sama hátt.

Ef K.R.F.Í. leggst niður, án þess að annar félagsskapur komi í þess stað, er sjóðurinn sé falinn, er þess óskað að stjórn sjóðsins sé kosin af sameinuðu Alþingi. Stjórnin skal þó ávallt vera skipuð konum.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar Kvenréttindafélags Íslands.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.